



**Ávarp
forseta Íslands
Höllu Tómasdóttur
á Búnaðarþingi
í Reykjavík
20. mars 2025**

Kæru gestir.

Það er einstök ánægja að fá að ávarpa ykkur hér við setningu Búnaðarþings Bændasamtaka Íslands. Öflugri félagasamtök eru vandfundin. Skýringuna er vafalítið að finna í fólkinu sem stendur að baki samtökunum, hjá ykkur bændum. Hlutverk ykkar er áhrifamikið en ekki þrautalaust.

Mitt fyrsta starf var í sveit í Skagafirðinum. Ég var sjö ára fyrsta sumarið, sem ég dvaldi þar, og í nokkur ár vann ég þar frá sauðburði og oft fram yfir réttir. Í sveitinni lærði ég margt sem ég bý enn að í dag, margt það sem gerði mig að þeirri manneskju sem ég er. Líklega ber þar helst að nefna vinnusemi og velvild í garð dýra og náttúrunnar. Ég vona að ég hljómi ekki eins og ég sé aldargömul þegar ég segi ykkur að þar lærði ég ekki bara að mjólka kýr, rýja kindur og raka í garða, heldur líka að strokka smjör, búa til skyr og gefa hænsnunum alla matarafganga. Engu var sóað, allt var nýtt. Unnið var frá morgni til kvölds, sumarfrí var ekki sjálfgefið og sjaldan tekið.

Margt hefur breyst frá því ég var í sveit og ég held því ekki fram að þessi sumur mín gefi mér endilega mikið innsæi í ykkar störf í dag, né skil ég fyllilega allar þær áskoranir sem þið takist á við í sífellt flóknara samhengi, bæði hér heima og að heiman. En þessi lífs- og starfsreynsla gaf mér ástriðu fyrir landinu okkar og öllu því sem það gefur af sér og einnig fyrir þeim sem það rækta af vinnusemi og alúð.

Landbúnaður er grunnstoð allra samfélaga og hluti af sjálfstæði og ímynd hverrar þjóðar. Það skiptir máli að landið sé í blómlegri byggð, fyrir okkur sjálf og sannarlega líka fyrir alla þá sem heimsækja okkur og standa nú undir

drjúgum hluta gjaldeyristekna okkar, og í mörgum tilfellum undir umtalsverðum tekjum bænda sem hafa í vaxandi mæli bætt ferðapjónustu við sinn búskap.

Undanfarin misseri hafa óveðursský hrannast upp allt í kring og víða er viðsjár að finna. Má þar nefna loftslagsbreytingar, heimsfaraldra, átök og ófrið – allt ógnar þetta öryggi okkar smáu en knáu þjóðar og nú er svo komið að flest ræðum við varnar- og öryggismál yfir morgunbollanum.

Það er mikilvægt að láta ekki hræðslu og ótta ná tökum á okkur – við erum, og eigum áfram að vera, herlaus og friðsæl þjóð. En við megum ekki sofna á verðinum og þurfum að huga að vörnum og öryggi landsins með víðri linsu. Þar má matarkista landsins ekki gleymast. Matvæla- og fæðuöryggi hefur lengi verið rætt en sú umræða er augljóslega orðin brýnni nú en áður. Bændur gegna þannig óbeint lykilhlutverki í vörnum landsins. Sérstaklega getur reynt á slíkt á tímum þegar aðgengi að fæðu getur orðið takmarkað fyrir tilstuðlan örra og óvæntra sviptinga á alþjóðavettvangi, sem og vegna breytinga á loftslagi, stríðsátaka og heimsfaraldra. Allt getur þetta gert það að verkum að flutningar og alþjóðleg viðskipti, sem við höfum lengi getað treyst á, verða ótrygg. Öflug matvælaframleiðsla um allt land er því ekki bara æskileg, heldur líka nauðsynleg. Það er mikilvægt að bændur sameinist um notkun aðferða sem stuðla að hagnýtingu auðlinda til að viðhalda framleiðslunni á sjálfbæran máta svo að íslenska þjóðin hafi aðgang að nauðsynlegum fæðutegundum á þessum umbrotatímum – sem og til framtíðar.

Samfélagsleg samstaða um þetta er mikilvæg. Samfélagið getur stutt bændur með því að kjósa staðbundnar vörur og margt bendir til þess að nú þegar sækji íslenskir neytendur í að kaupa íslenskt hráefni og vilji gjarnan þekkja vel til uppruna síns matar. Það er spennandi þróun sem býr til fjölmörg tækifæri til nýsköpunar í landbúnaði og vonandi líka til nýliðunar. Þegar óvissa ríkir á alþjóðavettvangi getur framleiðsla afurða hér heima skipt sköpum og því mikilvægt að við stöndum saman sem ein þjóð, eitt samfélag og búum þannig um hnútana að fæðu- og matvælaöryggi sé tryggt.

Íslenskir bændur gegna einnig mikilvægu hlutverki í að stuðla að heilbrigði og góðri lýðheilsu þjóðarinnar. Heilnæm matvæli eins og grænmeti, korn, mjólk, egg og kjöt eru ekki aðeins grunnur að hollu fæði, heldur viðhalda þau lýðheilsu þjóðarinnar. Eins og mörg ykkar vita er eiginmaður minn, Björn Skúlason, heilsukokkur og hefur alla tíð haft ástríðu fyrir heilsusamlegum og virkum lífsstíl. Þar er mataræðið lykilþáttur. Hann hefur ætíð lagt sig fram um að bera á borð mat fyrir fjölskylduna sem er að uppistöðu til heilnæmar og hreinar afurðir og allra helst af íslenskum uppruna. Og skiptir þá ekki máli hvort eldað er hér heima eða að heiman. Það er kannski ekki rétt að viðurkenna það hér en þær eru orðnar ansi margar ferðatöskurnar sem við hjónin höfum fyllt af

Íslenskum lambalærum til að elda fyrir vini á erlendri grundu og viðtökurnar eru engu líkar. Íslenskum landbúnaði mun vegna vel í framtíðinni takist bændum að halda hreinleika og heilnæmi íslenskra afurða á lofti og sameinast um þá sérstöðu sem það skapar, bæði hér heima og þar sem við á til útflutnings.

Til þess að tryggja framþróun og framleiðslu á heilnæmum búvörum þurfum við líka að tryggja nýliðun í greininni. Starfsumhverfið þarf að vera aðlaðandi fyrir ungt fólk sem getur komið með nýjar hugmyndir og nálgun í takt við tæknibreytingar og breytta neysluhegðun. Það er gaman að sjá hversu mikil gróska er í því ef dæma má það framboð sem má finna á fjölmörgum matarmörkuðum síðustu misseri. Það skiptir máli að við gefum ungu fólki fyrirheit um hjarta framtíð, hér á landi og um allt land, og sýnum þeim að það sé þess virði að stunda landbúnaðarstörf. Við þurfum einnig að tryggja að reynsla og þekking reyndra bænda tynist ekki á milli kynslóða.

Landbúnaður er mikilvæg virðisdeila þar sem fjölbreyttur hópur fólks gegnir mikilvægum hlutverkum. Þetta ferli nær allt frá frumframleiðandanum, til starfsfólks ráðgjafarþjónustunnar, til einstaklingsins sem sækir gripina og mjólkina til bænda og endar í sláturhúsum og hjá kjötiðnaðarmönnum. Þá má ekki gleyma störfum skógarbænda á Íslandi sem eru sennilega ein besta birtingarmynd þess hugarfars sem íslenskir bændur búa yfir, sem er hugsjón, framsýni og að leita sífellt nýrra lausna til að nýta kosti þess að stunda landbúnað á Íslandi.

Bændur þekkja landið og sinna því. Þannig hafa bændur lyft grettistaki í landgræðslu og skógrækt sem næstu kynslóðir munu njóta. Bændur eru vörslumenn þessa lands og það býr enginn að betri þekkingu af því að lifa af landsins gæðum en einmitt þau ykkar sem starfið í landbúnaði.

Fáir ef einhverjir lifa og hrærast jafn mikið í náttúrunni og bændur. Bændur þekkja sína staðhætti og geta oft spáð betur um veður og eldgos en til þess menntaðir fræðingar. Við sem þjóð eigum umtalsvert jarðnæði og erum svo lánsöm að búa í landi með auðlindir á borð við hreint vatn og hreina orku, sem eru grundvöllur heilnæmra landbúnaðarafurða, og hefur þessi staða jafnframt jákvæð áhrif á umhverfið og lýðheilsu.

Kæru bændur. Það er mér í senn mikill heiður og ánægja að fá að hitta ykkur hér í upphafi Búnaðarþings þar sem bændur koma saman til skrafs og ráðagerða og móta stefnu til framtíðar. Ég vil segja við ykkur sem starfið í landbúnaði; þið eruð mikilvægur hlekkur í samfélaginu og þjóðhagslega afar mikilvæg. Ástríða ykkar fyrir starfinu skiptir máli og hefur bæði bein og óbein áhrif á líf fólks og líðan sem og öryggi þjóðarinnar. Þið megið vera stolt af þessu ábyrgðarhlutverki. Verið því ætíð minnug þess, sérstaklega þegar þið standið

frammi fyrir áskorunum í búrekstri, að starf ykkar er ómetanlegt bæði fyrir íslenska þjóð og íslenska náttúru.

Með þessari brýningu í lokin vil ég óska ykkur velfarnaðar í ykkar mikilvægu störfum, landi og þjóð til heilla og þakka kærlega fyrir mig.